ráðgjöf
TRIVIUM

Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði á Álfsnesi

Hávaðamælingar og mótvægisaðgerðir

Umsögn þessi er unnin að beiðni íbúa við norðanverðan Kollafjörð, í nágrenni skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Félagið hefur sótt um starfsleyfi með umsókn, dags. 13.08.2026. Með umsókninni fylgir skýrsla Brekke & Strand með niðurstöðum hávaðamælinga frá skotsvæðinu við nálæga íbúabyggð við norðanverðan Kollafjörð.

Við afgreiðslu umsóknarinnar þarf að leggja ríka áherslu á að fyrirbyggja verulegt og ítrekað ónæði og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum hávaða á heilsu og lífsgæði íbúa í nálægri byggð, í samræmi við markmið reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar er forráðamönnum fyrirtækja og stofnana skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af hans völdum.

Aðstæður við skotsvæðið á Álfsnesi eru óhagstæðar frá sjónarhóli íbúa við norðanverðan Kollafjörð. Skotstefna er að hluta til í norðlægar áttir, í beina átt að byggðinni, yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju. Við slíkar aðstæður er óvarlegt að líta fram hjá mögulegum áhrifum endurkasts skothvella frá Kollafirði og Esju.

Norræna reikniaðferðin NT ACOU 099 – Shooting Ranges: Prediction of Noise gerir sérstaklega ráð fyrir mati á endurkasti skothávaða. Í viðauka A kemur fram að vegna stefnuvirkni skothávaða geti hljóðendurkast orðið ráðandi.

Niðurstöður hávaðamælinga Brekke & Strand, sem fylgja starfsleyfisumsókninni, koma verulega á óvart. Samkvæmt framlagðri skýrslu mælist hljóðstig við Móavík frá haglabyssuskotum L_{AIeq} = 69,9 dB á meðan reiknilíkan fyrirtækisins vegna starfsleyfisumsóknar Skotreyn gaf L_{AI} = 75–80 dB á sama stað. Fyrirliggjandi mælingar Trivium gáfu L_{AImax} = 85 dB við Móavík.

Þessi frávik þarf að skýra. NT ACOU 099 gerir ráð fyrir að óvissa aukist þegar um er að ræða hljóðendurkast frá vatnsfleti og/eða fjalllendi. Að mati undirritaðs er því ekki fullnægjandi að byggja leyfisveitingu á fyrirliggjandi hljóðmælingum einum. Endurtaka ætti hljóðmælingar og hávaðakortlagningu frá skotsvæðum á Álfsnesi af óháðum aðila áður en starfsleyfi er gefið út. Þetta samræmist rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, samkvæmt henni skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af sögu skotsvæðisins á Álfsnesi; með stöðugum kvörtunum íbúa í Kollafirði allar götur frá árinu 2002 þegar starfsemin hófst, ber stjórnvöldum að gæta varúðar. Í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og varúðarreglu ber stjórnvaldi að meta möguleg áhrif á heilsu, umhverfi og hagsmuni almennings áður en nýtt starfsleyfi er gefið út. Í þessu ljósi er rétt að miða fremur við lægri en hærri mörk leyfilegs skothávaða við íbúabyggðina skv. gildandi sænskum leiðbeiningum, Riktlinjer för skjutbanor, þ.e.a.s. $L_{AI} \leq 65$ dB en ekki $L_{AI} \leq 75$ dB

Í riti finnska umhverfisráðuneytisins: *The Finnish Environment 4/2014 – Best Available Techniques (BAT) – Management of the Environmental Impact of Shooting Ranges*; er sama viðmið þ.e.a.s. $L_{AImax} \leq 65$ dB. Það er gefið sem hönnunarviðmið fyrir íbúasvæði.

Til þess að gefa innsýn í hversu erfitt ástandið er fyrir íbúa í Kollafirði má nefna að í framangreindum finnskum leiðbeiningum lögð sérstök áhersla á staðarval skotvalla. Þar segir að velja eigi staðsetningu skotvallar þannig að fjarlægð að viðkvæmri byggð skuli vera sem mest. Sagt er að 3,5 km fjarlægð frá skotvelli sé almennt næg til að tryggja fullnægjandi hljóðvist fyrir íbúabyggð. Íbúðarhús við norðanverðan Kollafjörð eru hins vegar í um 1–2 km fjarlægð frá skotsvæðinu á Álfsnesi í meginskotstefnu. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að meta hljóðútbreiðslu og virkni mótvægisaðgerða vandlega við raunhæfar aðstæður.

Þegar skotið er yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju, er erfitt ef ekki ómögulegt að ná með mótvægisaðgerðum hljóðstigi skothvella í Móavík frá $L_{AImax} = 85$ dB niður um 20 dB í $L_{AImax} \leq 65$ dB; nema með því að snúa skotstefnu í átt frá íbúabyggðinni. Dýrar og umfangsmiklar mótvægisaðgerðir á skotsvæðinu í Álfsnesi munu því að líkindum ekki duga til ef skotstefna er óbreytt. Þegar skotið er í átt að fjalli og yfir harðan vatnsflöt er vert að gæta varúðar

Með hliðsjón af framangreindu verður að mati undirritaðs ekki talið forsvaranlegt að veita nýtt starfsleyfi á grundvelli fyrirliggjandi hljóðmælinga án þess að óvissu um raunverulegt hámarkshljóðstig og virkni fyrirhugaðra mótvægisaðgerða hafi verið eytt með fullnægjandi hætti.

Áður en starfsleyfi verður veitt er rétt að krefjast eftirfarandi:

1) Fullnaðarhönnunar allra mótvægisaðgerða, ásamt með fullnægjandi upplýsingum um allar hljóðvarnir sem grípa þarf til.
2) Endurreiknings hávaðadreifingar með mótvægisaðgerðum; þar sem sérstaklega er tekið tillit til hljóðendurkasts frá Kollafirði og Esju, og sýnt fram á að hljóðkröfur séu uppfylltar við íbúabyggð.
3) Óháðra hljóðmælinga við Móavík og við útsettustu íbúabyggð til þess að sannreyna árangur mótvægisaðgerða.
4) Skýrs og bindandi skilyrðis í starfsleyfi að hámarkshávaði frá skothvellum við íbúabyggð uppfylli $L_{AI} \leq 65$ dB.
5) Reglubundinnar vöktunar og fyrirfram ákveðinna viðbragða; þ.á.m. takmörkunar eða stöðvunar starfsemi, ef framangreindar hljóðkröfur eru ekki uppfylltar.

Frekari upplýsingar eru fúslega veittar verði eftir þeim leitað.

Reykjavík, 9.09.2026

Ólafur Hjálmarsson

Ólafur Hjálmarsson, hljóðverkfr.